

Lög

um stofnun hlutafélaga um vegaf framkvæmdir.

1. gr.

Heimild til að stofna opinbert hlutafélag.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem verður að fullu í eigu ríkisins og hefur það að markmiði að standa að lagningu Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi austur fyrir Ölfusárbrú að nýjum gatnamótum við núverandi Suðurlandsveg og Vesturlandsvegar frá Kollafirði að Hvalfjarðargöngum og til að ljúka við Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi að Víknavegi, ásamt nauðsynlegum undirbúningi.

Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald þessara vega.

Hlutfé félagsins við stofnun er 20 millj. kr. sem greiðast úr ríkissjóði. Við stofnun félagsins er allt hlutfé þess í eigu íslenska ríkisins og er sala þess og ráðstöfun óheimil.

Fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

2. gr.

Heimild Vegagerðarinnar til að taka þátt í stofnun hlutafélags.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags sem hefur það að markmiði að standa að gerð jarðganga undir Vaðlaheiði ásamt vegalagningu að þeim auk annars nauðsynlegs undirbúnings. Heimilt er Vegagerðinni að eiga allt að 51% hlutfjár í félaginu og leggja til þess hlutfé í samræmi við fjárheimildir.

Ráðherra er heimilt að fela félaginu að annast rekstur og viðhald jarðganganna.

3. gr.

Tilgangur félaganna.

Tilgangur félaganna er að annast framkvæmdir skv 1. og 2. gr., þ.m.t. áætlanagerð, hönnun, útboð, samningsgerð við verktaka og annað sem nauðsynlegt er til að ljúka megi framkvæmd og taka gjald af umferð um viðkomandi vegi.

Félögunum er heimilt að kaupa einstaka eða alla verkþætti sem kveðið er á um í 1. mgr. af Vegagerðinni.

Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt. Tilgangi félaganna skal nánar lýst í samþykktum þeirra.

4. gr.

Stjórnir félaganna.

Stjórnir félaganna skulu við stofnun þeirra skipaðar þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Stjórnir félaganna skulu eins og unnt er vinna að verkefnum sem félögunum eru falin í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefna.

Stjórnir félaganna ráða framkvæmdastjóra sem skulu hafa reynslu af vegagerð og háskóla-menntun sem nýtist í starfi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

5. gr.

Samningar ríkisins við félögin.

Ráðherra er heimilt að gera samninga við félögin um uppbyggingu, rekstur og viðhald þeirra framkvæmda sem þau annast uppbyggingu á skv. 1. og 2. gr.

6. gr.

Gjaldskrá.

Félögunum er heimilt að innheimta gjald fyrir notkun mannvirkja sem þeim hefur verið falið að annast framkvæmdir við. Gjaldið skal standa undir kostnaði við undirbúning og framkvæmd viðkomandi mannvirkja, auk eftirlits og kostnaðar við álagningu og innheimtu gjalda. Þá er heimilt að fella inn í gjaldið kostnað við rekstur og viðhald viðkomandi vegar samkvæmt nánari ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Félögin skulu auglýsa gjaldskrár sínar og breytingar á þeim á heimasíðu sinni.

Eigandi ökutækis eða umráðamaður, ef um kaupleigu er að ræða, ber ábyrgð á greiðslu gjalda. Gjöld skv. 1. mgr. eru aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

Félögunum er heimilt, að fengnu samþykki samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, að gera samninga við aðra um innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 16. júní 2010.